

Námsmatsstefna

Stefna

Námsmatsstefna **Strandabyggðar** byggir fyrst og fremst á því að varða leið nemenda að einstaklingsmiðuðum framförum með skýrum námsmarkmiðum á fjölbreyttan hátt. Námsmat á að byggja á stöðugri staðfestingu á því að nemandinn sé á réttri leið. Það er yfirlýstur vilji skólans að hjálpa nemendum að ná markmiðum sínum, að námsmarkmið séu ávallt skýr nemendum og viðmið um árangur greinileg og skiljanleg.

Það er mikilvægt fyrir nemendur og foreldra/forsjáraðila að sem mestur hluti námsmats fari fram í rauntíma, þ.e. að um leið og nám á sér stað fái nemendur staðfestingu á því hvort að þeirra skilningur, þekking og færni sé í samræmi við það markmið sem sett var um námið. Námsmat fer fram reglulega yfir veturinn og liggur fyrir og er aðgengilegt nemendum og foreldrum um leið og verkefnum lýkur og í sumum tilvikum á meðan á þeim stendur inni á námsumsjónarkerfi skólans. Nemendur taka þátt í að leggja mat á eigin verkefni, verða sérfræðingar í því að bæta sig og að fylgjast með eigin framförum.

Námsvísir skólans sýnir hvaða verkefni og grunnþættir hafa forgang á hverju ári. Þar sjást þau áhersluatriði sem unnið er með á hverju tímabili. Í Strandabyggð eru námsvísar endurskoðaðir á hverju vori í takt við þarfir og áherslur skólans.

Allar ákvarðanir um nám nemenda byggja á áherslupáttum aðalnámskrá grunnskóla, en það eru helst grunnþættir menntunar og í hæfniviðmiðum sem þar birtast. Hæfniviðmiðin gefa mynd af þeirri hæfni sem á að hafa náðst við lok 4. bekkjar, við lok 7. bekkjar og við lok 10. bekkjar. 1. - 4. bekkur (yngsta stig) vinnur að hæfniviðmiðum við lok 4. bekkjar í fjögur ár. Sama á við um 5. - 7. bekk (miðstig) og 8. - 10. bekk (elsta stig) sem hafa þrjú ár að vinna að hæfniviðmiðum sem í gildi eru við lok þeirra skólastiga. 10. bekkur vinnur líka með matsviðmið einkum eftir áramót. Allt mat byggir á skýrum viðmiðum um árangur hverju sinni.

Þekking á grunnfærni nemenda og stöðu þeirra í námi er talið mikilvægt til að kortleggja nemendur í námi. Persónumiðaðar framfarir byggja á mælikvörðum sem varða framfarir hvers og eins upp alla skólagönguna, óháð árgöngum. Þannig tryggir skólinn snemmtæka íhlutun þegar hindranir verða í framförum í námi.

Fjölbreytt námsmat

Fjölbreytni námsmats felst í því að margar námsmatsaðferðir eru notaðar með nemendum. Hér fyrir neðan eru þær námsmatsaðferðir sem mynda þá námsmatsheild sem matið í skólanum byggir á. Leiðsagnarnám með viðmiðum um árangur er þar lang fyrirferðamest eða um 80% af öllu námsmati sem unnið er með nemendum. Neðst í stefnuskjalinu eru skýringar á þeim hugtökum sem notuð eru til að lýsa fjölbreytni námsmatsins.

Námsmat í grunnskóla Strandabyggðar	
Leiðsagnarmat byggir á markmiðum og viðmiðum um árangur sem sett eru upp af kennara eða í samstarfi kennara og nemenda. Nemandinn og kennarinn meta í sameiningu hvort að verkefnin sem nemandinn vinnur, uppfylli þau viðmið sem sett hafa verið. Leiðsagnarmatið fer nánast alltaf fram MEÐ nemandanum og um leið og námið fer fram. Hvort náðst hafi að uppfylla viðmið um árangur, getur verið metið af nemendunum sjálfum, með námsfélaga, með kennara og foreldrum/forsjáraðilum. Leiðsagnarnám felur í sér ígrundun og samtöl; nemendur eða nemendahópar ígrunda hvort viðmið um árangur hafi náðst eða kennari og nemandi í ígrundunarsamtali. Öll verkefni í Grunnskóla Strandabyggðar byggja á ákvörðunum um nám sem sjá má í Námsvísi skólans. Verkefnin eru fjölbreytt og fela í sér fjöldan allan af sjálfsmats- og ígrundunarverkefnum. Stóru grunnþáttabætur fela öll í sér ákveðna niðurstöðu sem nemendur kynna í nemendastýrðu foreldraviðtali eða á meðal samnemenda og stundum á stærri viðburðum (ráðstefnum, opnum húsum, árshátíð).	Leiðsagnarmat
Ferilmappa er verkefnasafn sem samanstendur af verkefnum nemenda sem annars vegar sýna ferli en hins vegar safn verkefna þar sem sérstök markmið hafa náðst eða verkefni sem nemendur sjálfir eru sérstaklega stoltir af. Ferilmappa geymir: • Ferilsritun framfaradagbók í ritun en safn ritvinnsluverkefna er safnað saman, ýmist í stílabók eða á tölvutæku formi eftir því sem við á. • Kynningar/afrakstur grunnþáttaverkefna og lokaafurðir nemenda úr þeim. • Verkefni að eigin vali nemenda.	Ferilmappa
Eftir hverja lotu gefa umsjónarkennarar nemendum tíma til þess að draga saman gögnin sín í ferilmöppu eða á einhvern einn stað. Kennarinn minnir nemendur á að þetta sé þeirra tækifæri til þess að safna saman afrekum lotunnar út frá verkefnum sem unnin hafa verið og leiðbeinir nemendum við að búa til kynningu á ferilmöppunni. Nemendum gefst kostur á að laga	Lotuviðtal

verkefni og bæta inn í ef eitthvað vantar. Þá er námsmat lotunnar tekið saman í yfirlit sem foreldrar/forsjáraðilar fá í hendurnar.

Grunnfærni í læsi og stærðfræði

Skýr staða og persónumiðaðar framfarir sem byggja á öruggum viðmiðum

Við upphaf skólaárs fara nemendur í gegnum stöðuverkefni þar sem færni nemenda í læsi og stærðfræði er staðsett samkvæmt matsviðmiðum úr aðalnámskrá grunnskólanna. Stöðumatið er svo aftur lagt fyrir við lok skólaárs. Þannig markar skólinn stöðu nemenda og metur hvaða grunnfærni gæti þurft að vinna betur eða finna leiðir til þess að nota tæknina til þess að styðja við færni nemenda.

Markmiðið er að allir nemendur sýni framfarir á námstímanum, hvert á sinn hátt og út frá markmiðum sem nemendur sjálfir setja sér.

Sérstök áhersla er lögð á læsi og stærðfræði. Upphafsstöðunni er ætlað að vera skiljanleg, skýr og varða leiðina að framförum nemenda.

Í framhaldinu er staðan tekin með nemendum við lok hvers lotutímabils til að tryggja skráningu á framförum nemenda og þá gefst líka tækifæri til þess að grípa inn í og laga námið betur að þörfum hvers og eins og grípa inn í í tæka tíð til að leiðrétta og/eða styðja við grunninni.

Kerfisbundið samkvæmt töflunni hér fyrir neðan er farið dýpra ofan í alla mikilvægustu þætti grunnfærni nemenda, unnið með þá samkvæmt námsvísi og nákvæm staða kortlögð við lok hvers tímabils á viðkomandi þáttum.

Hér má sjá viðmiðin sem notuð eru í læsi og stærðfræði.

☰ Matsviðmið í íslensku og stærðfræði - Strandabyggð

Matskvarðar í grunnskólum

Kvarði fyrir leiðsagnarnám og viðmið um árangur

Í grunnskóla Strandabyggðar nýtum við eftirfarandi liti fyrir mat á viðmiðum um árangur. **Viðmiðum um árangur** er ætlað að gefa upplýsingar um hvernig nemendur, með verkefnum sínum, uppfylli ákveðin hæfniviðmið eða námsmarkmið. Oft er það einfaldara orðalag og skýrar/hnitmiðaðra en sjálf hæfniviðmiðin..

Litur	Viðmið um árangur
	Framúrskarandi. Ef nemandi vinnur verkefni sem er langt umfram viðmið um árangur er gefið „framúrskarandi“. Það er eingöngu gert í þeim tilvikum þar sem greinilegt er að viðkomandi nemandi hafi augljósa hæfni umfram það sem ætlast er til og án leiðsagnar

	kennara en að frumkvæði nemanda.
	Viðmiði lokið. Hæfni náð. Nemandinn lærði eða gerði það sem til var ætlast.
	Lokið að hluta. Nemandinn er á góðri leið með að ná tökum á því verkefni sem lagt var upp með.
	Nemandinn tók ekki þátt, var veikur eða kaus að gera ekki neitt.

Matskvarði fyrir verkefnalok og stigslok - mat á ástundun.

(Dæmi um matskvarða fyrir lotuviðtöl/verkefnalok - Kennarar nota sambærilega kvarða þegar þeir gefa fyrir önnur stærri verkefni eða draga saman lokamat á verkefnum sem annars byggja á leiðsagnarnámi. Matskvarðar eru alltaf kynntir til sögunnar áður en verkefnavinnan og matið sjálft fer fram með nemendum).

Lokamat	Viðmið
Fullt hús - A Þú færð 5 stig eða fullt hús fyrir að uppfylla öll skilyrðin hér hægra megin. <u>Umsögn</u> Þú hefur uppfyllt öll skilyrðin í ástundum sem sett eru fyrir nemendur skólans. Þú ert með gott skipulag og sýnir ábyrgð á þínu eigin námi. Vel gert! Haltu áfram á þessari braut.	Nemandinn: ☐ Er virkur í kennslustundum ☐ Tekur þátt í tímum með því að svara spurningum kennara og samnemenda ☐ Skilar öllum verkefnum til kennara eða inn í námsumsjónarkerfi eftir því sem kennari ákveður hverju sinni
Góður grunnur - B Þú færð 3 stig fyrir að uppfylla 3 f skilyrði hér hægra megin. <u>Umsögn</u> Þú hefur uppfyllt flest þau skilyrði sem skólinn setur nemendum í ástundun og ert að standa þig nokkuð vel. Ef það eru einhver skilyrði sem þú vilt bæta þig í, endilega óskaðu eftir viðtali við kennara eða sérkennara. Áfram þú!	Nemandinn: ☐ Er að mestu virkur í kennslustundum ☐ Tekur þátt í flestum tímum með því að svara spurningum kennara og samnemenda ☐ Skilar flestum verkefnum til kennara eða inn í námsumsjónarkerfi eftir því sem kennari ákveður hverju sinni.
Á góðri leið - C Þú færð 1 til 2 stig fyrir að uppfylla eitt eða tvö skilyrði hér hægra megin. <u>Umsögn</u> Þú hefur tekið einhvern þátt í skólanum á tímabilinu. Við viljum endilega finna leiðir til að þú getir tekið	Nemandinn: ☐ Er virkur í sumum kennslustundum ☐ Tekur þátt í tímum með því að svara sumum spurningum kennara og samnemenda ☐ Skilar fáum verkefnum til kennara eða inn í námsumsjónarkerfi eftir því sem kennari ákveður hverju sinni

virkari þátt. Þetta gerum við með virkri lausnaleyti með kennara og þú getur líka óskað eftir viðtali við sérkennara til þess að fá aðstoð. Þetta er góð byrjun og við vitum að þú getur gert enn betur!	
Tók ekki þátt - D Þú færð ekkert stig og uppfylltir engin skilyrði hér hægra megin í töflunni. <u>Umsögn</u> Batnandi fólki er best að lifa. Þú hefur tekið lítinn þátt í verkefninu. Nú þurfum við að vinna vel saman og finna leiðir til að þú getir tekið virkari þátt. Þetta gerum við með virkri lausnaleyti með kennara og þú getur líka óskað eftir viðtali við sérkennara til þess að fá aðstoð. Við viljum öll hjálpa þér - það gengur betur næst!	Nemandinn: ☐ Er ekki virkur í kennslustundum ☐ Tekur ekki þátt í tímum með því að svara spurningum kennara og samnemenda ☐ Skilar engum verkefnum til kennara eða inn í námsumsjónarkerfi eftir því sem kennari ákveður hverju sinni

Matskvarði fyrir mat við lok 4., 7. og 10. bekkjar

Í aðalnámskránni eru sett fram matsviðmið við lok grunnskóla og stiga (frá hausti 2025) fyrir einstakar námsgreinar og námssvið. Einnig eru sett viðmið fyrir mat á lykilhæfni nemenda. Matsviðmiðin eru lýsing á hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni á valdi sínu. Lýsingarnar eru tengdar einkunnunum A, B+, B, C+ og C. Matskvarðann ber að nota við brautskráningu nemenda úr grunnskóla. Nemendur geta þar að auki fengið D einkunn en líka stjörnumerktar einkunnir sé markmiðið að nemandi fari í sérkennslu á næsta skólastigi. Engin lýsing er til á þannig námsmati.

Í upphafi skólaárs eru hæfniviðmiðin, matskvarðarnir og matsviðmiðin útskýrð fyrir hagaðilum. Matsviðmiðin eru ekki í notkun fyrr en við lok grunnskólagöngu, en þau eru valkvæð fyrir önnur stig. Þess á milli er litakerfið nýtt til ígrundunar um framfarir hvers og eins nemenda en ígrundunin gildir ekki til einkunna heldur aðeins til að kortleggja framfarir hvers og eins og undirbúa þau til að uppfylla þau markmið sem fram koma í aðalnámskrá, bæði hæfniviðmiðum og matsviðmiðum.

Kennari og nemandi undirbúa seinna nemendastýrða foreldraviðtalið sem haldið er í febrúar með því að taka viðtal við hvern og einn nemanda þar sem farið er yfir hæfniviðmið 4. og 7. bekkja og matsviðmið 10. bekkjar og þann matskvarða sem liggur að baki. Gert er ráð fyrir því að nemandinn setji sér markmið og að kennari og nemandi skipuleggi aðgerðir til þess að nemandinn geti náð markmiðum sínum áður en skólastigi lýkur að vori. Þeir nemendur á unglingastigi sem fyrir lok 10. bekkjar, náð framúrskarandi árangri á matskvarða við lok grunnskóla, geta hafið frekari undirbúning að framhaldsskólagöngu sinni.

[Matstæki fyrir matsviðmið úr aðalnámskrá grunnskóla fyrir 10. bekk](#)

Nemendastýrð foreldraviðtöl

Nemendastýrð foreldraviðtöl fara fram í febrúar. Nemendastýrð viðtöl með foreldrum/forsjáraðilum geta verið afar valdeflandi og undirstrikað áhrif og ábyrgð nemenda á eigin námi. Skipulag nemendastýrðra viðtala með foreldrum/forsjáraðilum tekur eðlilega mið af þroska og reynslu nemenda. Viðtölin þarf að undirbúa vel svo öllum nemendum sé ljóst hvaða væntingar séu gerðar til þeirra. Með hverju árinu er svo bætt við fleiri áherslupáttum. Samræður nemenda og kennara um það sem ætti að einkenna gott viðtal eru nauðsynlegar en í kjölfarið eru útbúin viðmið fyrir viðtal með forsjáraðilum. Nemendur skrifa undir fundarboð til foreldra/forsjáraðila, fá tækifæri til að velja viðeigandi gögn til að sýna á fundinum og undirbúa kynninguna t.d. með námsfélaga. Fyrir fundinn eru öll gögn til staðar og búið að fara yfir markmið og skipulag fundarins.

Tilgangur fundarins gæti verið sá að nemandi geri foreldrum/forsjáraðilum sínum grein fyrir þeim markmiðum sem nemandinn stefnir að, hvar hann er staddur í tilteknum áherslupáttum og hvað það þurfi að gera til að brúa bilið þar á milli. Kennari heldur sig til hlés meðan á kynningu nemandans stendur, grípur aðeins inn í ef nauðsynlegt er og svarar spurningum sem beint er til hans. Foreldrar/forsjáraðilar fá tækifæri til að spyrja nemandann út í námið, sjá dæmi um framfarir og ræða málin. Hugsanlega geta foreldrar/forsjáraðilar bent nemandanum á lausnir sem geta falist í aðstoð heima fyrir. Nemandinn getur einnig gengið með foreldrum/forsjáraðilum sínum um stofuna eða skólann til að sýna þeim fleiri verkefni. Eftir því sem nemendur þroskast og reynsla þeirra eykst bætast fleiri námsgreinar og áherslupættir við en hlutverk kennarans er fyrst og fremst fólgið í því að undirbúa nemendur fyrir markvisst samtal og vera til staðar á fundinum.

Það fer eftir stigum hvað fer fram í hverju viðtali fyrir sig en það er alltaf ákveðinn rammi sem afmarkar viðtölin. Nemendastýrt viðtal að hausti byggir á fyrstu lotunni og þeim markmiðum sem nemendur setja sér. Markmiðum vetrarins er svo fylgt eftir í samtölum við nemendur. Nemendastýrða viðtalið í febrúar byggir fyrst og fremst á stöðu verkefna í ferilmöppu, ástundunarmati og markmiðssetningu.

Fyrirkomulag námsmats

1. - 4. bekkur

Jafnt og þétt yfir skólaárið eru verkefni metin með það að markmiði að fá vísbendingar um árangur nemanda. Eftir hverja lotu námsvísins er farið yfir markmiðin og ný sett og skoðað hvort ástæða sé til þess að setja sérstök námsmarkmið um einstaka þætti.

Í febrúar er nemendastýrt foreldraviðtal. Þar er ferilmappa nemenda lögð til grundvallar og nemandinn kynnir fyrir foreldrum/forsjáraðilum helstu verkefni vetrarins.

Skólaárinu lýkur með því að nemandinn fær afhent yfirlit yfir mat vetrarins ásamt umsögn frá umsjónarkennara og öðrum kennurum.

Við lok 4. bekkjar

Í foreldraviðtali við lok 4. bekkjar er staða hvers og eins nemanda kortlögð ítarlega gagnvart stöðunni á hæfniviðmiðum og skráð niður. Matið gildir ekki til einkunna en leggur grunninn að helstu námsmarkmiðum hvers og eins fyrir miðstig.

5. - 7. bekkur

Jafnt og þétt yfir skólaárið eru verkefni metin með það að markmiði að fá vísbendingar um árangur nemanda. Eftir hverja lotu námsvísins er hver lota gerð upp og ástundunarmatið gert aðgengilegt foreldrum.

Skólaárinu lýkur með því að nemandinn fær afhent yfirlit yfir mat vetrarins ásamt umsögn frá umsjónarkennara og öðrum kennurum.

Við lok 7. bekkjar

Skólaárinu lýkur með því að nemandinn fær afhent yfirlit yfir mat vetrarins ásamt umsögn frá umsjónarkennara og öðrum kennurum. Umsögnin byggir á matskvarða miðstigs. Í foreldraviðtali við lok 7. bekkjar er staða hvers og eins nemanda kortlögð ítarlega gagnvart matskvarðanum og skráð niður. Matið gildir ekki til einkunna en leggur grunninn að helstu námsmarkmiðum hvers og eins fyrir elsta stig.

8. - 10. bekkur

Jafnt og þétt yfir skólaárið eru verkefni metin með það að markmiði að fá vísbendingar um árangur nemanda. Eftir hverja lotu námsvísins er hver lota gerð upp og námsmat fyrir hana sent til foreldra/forsjáraðila.

Í febrúar er nemendastýrt foreldraviðtal sem nemendur og kennarar undirbúa og farið er yfir helstu framfarir. Matskvarðinn fyrir námsmatið við lok 10. bekkjar er skoðaður og kennarinn og foreldrar/forsjáraðilar skoða hvort ástæða sé til þess að setja sérstök námsmarkmið um einstaka þætti. Við lok 9. bekkjar getur sú staða komið upp að ákveðnir nemendur hafi í raun lokið markmiðum grunnskólans. Ef hægt er að meta nemanda í 9. bekk með A í einstökum greinum að vori er mikilvægt að reyna að finna leiðir til þess að viðkomandi geti hafið nám í einstökum greinum eða að öllu leyti í framhaldsskóla.

Skólaárinu lýkur með því að nemandinn fær afhent yfirlit yfir mat vetrarins ásamt umsögn frá umsjónarkennara og öðrum kennurum. Umsögnin byggir á matskvarða 3. stigs.

Við lok 10. bekkjar

Matsviðmið við lok 10. bekkjar liggur til grundvallar því námsmati sem fylgir nemandanum upp í framhaldsskóla. Matið fer að mestu leyti fram á vorönn en undirbúningur hefst að hausti.

Áður en foreldraviðtalið á sér stað funda nemendur með umsjónarkennara þar sem farið er yfir matskvarðann við lok 10. bekkjar. Kennari og nemandi gera áætlun og setja í sameiningu einstaklingsmiðuð markmið fyrir veturinn sem nemandinn kynnir í foreldraviðtalinu. Í febrúar er nemendastýrt viðtal, þar sem nemandi og foreldri/forsjáraðili fara aftur yfir markmið vetrarins og endurskoða eftir þörfum. Lokamatið er matið á matskvarðanum við lok 10. bekkjar og er skilað inn til framhaldsskóla.

Skólaárinu lýkur með því að nemandinn fær afhent yfirlit yfir mat vetrarins ásamt umsögn frá umsjónarkennara og öðrum kennurum. Lokaeinkunn A-D (eða stjørnumerkt einkunn fyrir nemendur sem þurfa áframhaldandi sérkennslu) út frá matskvarða er sú einkunn sem fylgir nemendum upp í framhaldsskóla.

Hugtök og skýringar

Grunnpættir

Eru notaðir sem leiðarljós í allri námsgagnagerð og þeir stýra vali á viðfangsefnum skólans. Þeir eru læsi, heilbrigði og velferð, jafnrétti, sköpun, sjálfbærni og lýðræði og mannréttindi.

Hæfni

Felur í sér þekkingu og leikni og er samofið siðferðilegum viðhorfum nemenda (Aðalnámskrá, bls. 39). Allir nemendur hafa einhverja hæfni og þeir eiga að geta nýtt

hana í námi sínu. Aðalnámskráin leggur grunn að þeirri þjálfun sem á að eiga sér stað í skólunum til að efla þá hæfni sem talað er um þar.

Hæfnikort

Er yfirlit yfir þau hæfniviðmið aðalnámskrár sem nemendur eru að vinna með. Þau eru í stöðugri notkun en unnið er með sömu hæfniviðmiðin frá 1. - 4. bekk, frá 5. - 7. bekk og 8. - 10. bekk og nemendur vinna að því að efla hæfni sína á tímabilinu. Hæfniviðmiðin eru leiðarljós skólastarfs og tryggja að skólastarf endurspegli þá stefnu sem birtist í aðalnámskrá grunnskóla.

Hæfniviðmið

Með hverri faggrein í aðalnámskrá fylgja ákveðin hæfniviðmið sem ákvarða hvaða nám og hvaða viðfangsefni verða fyrir valinu. Nemendur vinna að þeirri færni sem hæfniviðmiðin lýsa. Hæfniviðmiðin eru ekki metin sem slík, frekar þau námsmarkmið og viðmið um árangur þeirra verkefna sem verða fyrir valinu til að efla viðkomandi færni.

Leiðsagnarnám /leiðsagnarmat

Byggir á því að markmið náms séu ávallt skýr nemendum frá upphafi og að þeir fái tækifæri til að læra betur það sem á að læra ef þess þarf með góðri leiðsögn. Skólastarf sem einkennist af leiðsagnarnámi einkennist af stöðugri staðfestingu á því að nemendur séu á réttri leið, skýrum námsmarkmiðum og viðmiðum um árangur.

Lykilhæfni

Er hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum. Hún á að vera hluti af öllu námi þar sem nemandi með góða lykilhæfni er sjálfbær námsmaður. Nemandi með góða lykilhæfni er því vel í stakk búinn að læra alla ævi.

Hún skiptist í tjáningu og miðlun, skapandi og gagnrýna hugsun, sjálfstæði og samvinnu, nýtingu miðla og upplýsinga og ábyrgð og mat á eigin námi.

Matsviðmið

Eru skilgreind viðmið í aðalnámskrá. Þau eru notuð til að meta hæfni nemenda (t.d. til að meta hæfnikortin við lok skólastigsins) við lok 4., 7. og 10. bekkjar og eru sett upp með bókstöfum frá A til D (eða stjörnumerkt námsmat fyrir nemendur við lok 10. bekkjar sem hafa fengið eða þurfa áframhaldandi sérkennslu á næsta skólastig).

Námsmarkmið

Hvað eiga nemendur að læra? Allt það sem við viljum að nemendur læri eða tileinki sér (s.s. aðferðir) í því efni sem við leggjum fyrir þá.

Viðmið um árangur

Upplýsingar sem sýna hvernig nemendur uppfylla ákveðin hæfniviðmið eða námsmarkmið. Oft einfaldara orðalag og skýrar/hnitmiðaðra en sjálf hæfniviðmiðin. Sýna eingöngu hvernig hæfninni er náð.

Námsáætlun - Kennsluáætlun

Námsáætlanir eru mikilvægt tæki til að gefa nemandanum greinargóðar upplýsingar um hvað hann er að læra og hvað standi til að meta. Það er stefna skólans að námsáætlanir séu skýrar og aðgengilegar bæði nemendum, kennurum og foreldrum. Góð námsáætlun samanstendur af:

- Lýsingu á því sem nemandinn er að fara að læra.
- Skýrum námsmarkmiðum.
- Augljósri tengingu á milli hæfniviðmiða og viðmiða um árangur.
- Lýsingu á hvernig staðið verði að námsmati.